

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

Nobilis Multiriva RT+IBm+ND+Gm+REOm stungulyf, fleyti fyrir hænsni

2. INNIHALDSLÝSING

Hver 0,3 ml skammtur inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Metapneumoveira úr fuglum, stofn BUT1 nr. 8544, deydd	$\geq 19,0$ ein. ¹
Fuglaberkjubólguveira (infectious bronchitis virus, IBV), Massachusetts-gerð, stofn M41, deydd	$\geq 4,8 \log_2 \text{HI}^2$
Fuglaberkjubólguveira, gerð 793/B, stofn 4/91, deydd	$\geq 5,7 \log_2 \text{HI}^2$
Newcastle-veikiveira, stofn Ulster, deydd	$\geq 5,9$ ein. ¹
Gumboroveikiveira, stofn GB02, deydd	$\geq 100,9$ ein. ¹
Gumboroveikiveira, stofn 89/03, deydd	$\geq 88,6$ ein. ¹
Reóveira úr fuglum, stofn ARV-1, deydd	$\geq 11,5$ ein. ¹
Reóveira úr fuglum, stofn ARV-4, deydd	$\geq 11,4$ ein. ¹

¹ Ákvarðað í *in vitro* ELISA virkniprófi á magni mótefnavaka.

² HI = hemagglútínín hömlun (hemagglutination inhibition). Ákvarðað í *in vivo* virkniprófi hjá hænsnum.

Ónæmisglæðar:

Létt paraffínolía 128,6 mg

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
Pólýsorbit 80
Sorbitánóleat
Fosfatstillt saltlausn

Einsleitt (nánast) hvítt fleyti.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hænsn.

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til virkrar ónæmingar hjá hænsnum til að:

- draga úr varpröskun af völdum metapneumoveiru úr fuglum (AMPV).
- draga úr öndunarfæraeinkennum og varpröskun af völdum fuglaberkjubólguveiru (IBV) af Massachusetts-stofni (GI-1 arfgerð) og 4/91-793B-stofni (GI-13 arfgerð).
- draga úr dánartíðni og klínískum einkennum af völdum Newcastle-veikiveiru (NDV).
- ná aðfengnu ónæmi hjá afkvæmum bólusettu hænsnanna til að:
 - draga úr dánartíðni og klínískum einkennum af völdum mjög meinvirkra (CS89) og hefðbundinna afbrigða (STC) stofna Gumboroveikiveiru (IBDV).
 - draga úr veirublóðsmiti og klínískum einkennum sjúkdóms af völdum reóveiru úr fuglum (ARV) (arfgerðum 1 og 4).

Ónæmi myndast eftir:

- Fuglaberkjubólguveira, Newcastle-veikiveira, Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum: 4 vikum eftir bólusetningu
- Metapneumoveira úr fuglum: 5 vikum eftir bólusetningu
- Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum hjá afkvæmum: Við 1 dags aldur

Ónæmi endist í:

- Metapneumoveira úr fuglum, fuglaberkjubólguveira, Newcastle-veikiveira, Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum: 80 vikur eftir bólusetningu
- Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum hjá afkvæmum: Til 3 vikna aldurs

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir fuglaberkjubólguveirustofnana QX-D388 (GI-19 arfgerð), Var2 (GI-23 arfgerð) og Q1 (GI-16 arfgerð).

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir Gumboroveikiveiru stofna með mótefnavakabreytileika (afbrigðum E og GLS).

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir reóveiru úr fuglum, arfgerðum 2, 3 og 5.

3.3 Frábendingar

Engar.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Upplýsingar fyrir þann sem annast lyfjagjöfina:

Dýrallyfið inniheldur paraffínolíu. Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig eða aðra með því fyrir slysni getur það valdið miklum sársauka og bólgu, sérstaklega ef sprautað er í liði eða í finger. Í mjög sjaldgæfum tilvikum er hugsanlega hættu á fingermissi ef viðeigandi meðferð er ekki veitt tafarlaust. Ef dýrallyfinu hefur fyrir slysni verið sprautað í einhvern skal strax leita til læknis, jafnvel þótt um lítið magn sé að ræða og hafa skal fylgiseðilinn meðferðis. Ef sársaukinn er ekki horfinn 12 klukkustundum eftir lækniðskoðun, skal aftur hafa samband við lækni.

Upplýsingar til læknisins:

Dýrallyfið inniheldur paraffínolíu. Jafnvel þótt aðeins lítið magn hafi verið gefið með inndælingu, getur inndæling þess fyrir slysni valdið mjög miklum bólgu sem t.d. geta leitt til blóðþurrðardreps og jafnvel fingermissis. TAFARLAUS þörf er á sérfræðingi í skurðlækningum vegna þess að nauðsynlegt getur verið að skera strax í stungustaðinn og skola hann, sérstaklega ef um er að ræða fingurgóm eða sin.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hænsn:

Sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 1.000 dýrum sem fá meðferð):	Hnútur á stungustað ¹
--	----------------------------------

¹ Hverfur yfirleitt innan 3 vikna.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða lyfjafyrivalda. Finna má upplýsingar um viðeigandi tengiliði í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Varpfuglar:

Dýrallyfið má ekki gefa varpfuglum og ef minna en 3 vikur eru þar til varptímabil byrjar.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Bóluefnið er ætlað til notkunar sem örvunarbólusetning í kjölfar grunnbólusetningar með annaðhvort lifandi eða deyddum bóluefnum í bólusetningaráætluninni. Grunnbólusetningar á að gera með lifandi eða deyddum bóluefnum gegn fuglaberkjubólguveiru (t.d. Nobilis IB 4-91, Nobilis IB Ma5), Gumboroveikiveiru (t.d. Nobilis Gumboro D78, Innovax-ND-IBD) og reóveiru úr fuglum (t.d. Nobilis Reo 1133, Nobilis Multiriva REOm). Bóluefnið á að gefa a.m.k. 4 vikum eftir að grunnbólusetningin er gefin.

Til notkunar í vöðva.

Gefið stakan 0,3 ml skammt í bringu eða læri frá 8 vikna aldri og upp úr en ekki seinna en 3 vikum fyrir upphaf varptímabils.

Leyfið bóluefninu að ná stofuhita fyrir notkun.

Hristið vel fyrir notkun.

Sprautur og nálar verða að vera sæfðar fyrir notkun.

Viðhafa skal hefðbundnar smitgátaraðferðir.

Þegar grunnbólusetningar voru gerðar gegn metapneumoveiru úr fuglum (t.d. Nobilis Rhino CV) og/eða Newcastle-veikiveiru (t.d. Nobilis ND C2, Nobilis ND Clone 30, Innovax-ND-IBD) skal gefa bóluefnið a.m.k. 4 vikum eftir að grunnbólusetningin er gefin.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engar aukaverkanir aðrar en þær sem nefndar eru í kafla 3.6 komu fram eftir gjöf tvöfalda skammts af bóluefninu.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Sá sem ætlar að framleiða, flytja inn, hafa í sinni vörslu, selja, dreifa og/eða nota þetta dýrallyf skal fyrst leita til yfirvalda í viðkomandi aðildarríki til að fá upplýsingar um hvaða bólusetningarreglur gilda um dýr vegna þess að vera má að bólusetning sé óheimil í aðildarríkinu öllu eða á tilteknum svæðum, á grundvelli löggjafar ríkisins.

Krafist gæti verið lokasamþykktar fyrir þetta lyf frá opinberum eftirlitsaðila.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. ÓNÆMISFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði: QI01AA26

Bóluefninu er ætlað að örva virkt ónæmi gegn nef- og barkabólguveiru í fuglum, fuglaberkjubólguveiru og Newcastle-veikiveiru og til að örva virkt ónæmi til þess að veita afkvæmum aðfengið ónæmi gegn Gumboroveiki og reóveiru úr fuglum.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýrallyfsins í söluumbúðum: 2 ár.
Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 10 klst.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C - 8°C).
Má ekki frjósa.
Verjið gegn sólarljósi.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Glas úr pólýetýlenterefþalati (PET) lokað með gúmmítappa og álloki.

Pakkningastærðir:

Pappaaskja með 1 glasi með 300 ml (1.000 skammtar) eða 600 ml (2.000 skammtar).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýrallyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýrallyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýrallyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Intervet International B.V.

7. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/24/317/001-002

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: {05/07/2024}.

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

{MM/ÁÁÁÁ}

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýrallyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýrallyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýrallyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

PAPPPAASKJA

1. HEITI DÝRALYFS

Nobilis Multiriva RT+IBm+ND+Gm+REOm stungulyf, fleyti

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Deyddir stofnar sem innihalda metapneumoveiru úr fuglum, fuglaberkjubólguveiru, Newcastle-veikiveiru, Gumboroveikiveiru og reóveiru úr fuglum.

3. PAKKNINGASTÆRÐ

300 ml (1.000 skammtar)

600 ml (2.000 skammtar)

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hænsn

5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í vöðva.

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota innan 10 klst.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli.

Má ekki frjósa.

Verjið gegn sólarljósi.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Intervet International B.V.

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/24/317/001 300 ml
EU/2/24/317/002 600 ml

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM

300 ml / 600 ml glas úr pólýetýlentereffalati (PET)

1. HEITI DÝRALYFS

Nobilis Multiriva RT+IBm+ND+Gm+REOm stungulyf, fleйти

2. VIRK INNIHALDSEFNI

300 ml (1.000 skammtar)

600 ml (2.000 skammtar)

Deyddir stofnar sem innihalda metapneumoveiru úr fuglum, fuglaberkjubólguveiru, Newcastle-veikiveiru, Gumboroveikiveiru og reóveiru úr fuglum.

3. MARKDÝRATEGUNDIR

Hænsn

4. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í vöðva.

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

5. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

6. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Rofna pakkningu skal nota innan 10 klst.

7. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli.

Má ekki frjósa.

Verjið gegn sólarljósi.

8. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Intervet International B.V.

9. LOTUNÚMER

Lot {númer}

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEÐILL

1. Heiti dýrallyfs

Nobilis Multiriva RT+IBm+ND+Gm+REOm stungulyf, fleyti fyrir hænsni.

2. Innihaldslýsing

Hver 0,3 ml skammtur inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Metapneumoveira úr fuglum, stofn BUT1 nr. 8544, deydd	$\geq 19,0$ ein. ¹
Fuglaberkjubólguveira (infectious bronchitis virus, IBV), Massachusetts-gerð, stofn M41, deydd	$\geq 4,8 \log_2 \text{HI}^2$
Fuglaberkjubólguveira, gerð 793/B, stofn 4/91, deydd	$\geq 5,7 \log_2 \text{HI}^2$
Newcastle-veikiveira, stofn Ulster, deydd	$\geq 5,9$ ein. ¹
Gumboroveikiveira, stofn GB02, deydd	$\geq 100,9$ ein. ¹
Gumboroveikiveira, stofn 89/03, deydd	$\geq 88,6$ ein. ¹
Reóveira úr fuglum, stofn ARV-1, deydd	$\geq 11,5$ ein. ¹
Reóveira úr fuglum, stofn ARV-4, deydd	$\geq 11,4$ ein. ¹

¹ Ákvarðað í *in vitro* ELISA virkniprófi á magni mótefnavaka.

² HI = hemagglútínín hömlun (hemagglutination inhibition). Ákvarðað í *in vivo* virkniprófi hjá hænsnum.

Ónæmisglæðar:

Létt paraffínolía 128,6 mg

Einsleitt (nánast) hvítt fleyti.

3. Markdýrategundir

Hænsn.

4. Ábendingar fyrir notkun

Til virkrar ónæmingar hjá hænsnum til að:

- draga úr varþröskun af völdum metapneumoveiru úr fuglum (AMPV).
- draga úr öndunarfæraeinkennum og varþröskun af völdum fuglaberkjubólguveiru (IBV) af Massachusetts-stofni (GI-1 arfgerð) og 4/91-793B-stofni (GI-13 arfgerð).
- draga úr dánartíðni og klínískum einkennum af völdum Newcastle-veikiveiru (NDV).
- ná aðfengnu ónæmi hjá afkvæmum bólusetta hænsnanna til að:
 - draga úr dánartíðni og klínískum einkennum af völdum mjög meinvirkra (CS89) og hefðbundinna afbrigða (STC) stofna Gumboroveikiveiru (IBDV).
 - draga úr veirublóðsmiti og klínískum einkennum sjúkdóms af völdum reóveiru úr fuglum (ARV), arfgerðum 1 og 4.

Ónæmi myndast eftir:

- Fuglaberkjubólguveira, Newcastle-veikiveira, Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum: 4 vikum eftir bólusetningu
- Metapneumoveira úr fuglum: 5 vikum eftir bólusetningu
- Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum hjá afkvæmum: Við 1 dags aldur

Ónæmi endist í:

- Metapneumoveira úr fuglum, fuglaberkjubólguveira, Newcastle-veikiveira, Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum: 80 vikur eftir bólusetningu
- Gumboroveikiveira og reóveira úr fuglum hjá afkvæmum: Til 3 vikna aldurs

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir fuglaberkjubólguveirustofnana QX-D388 (GI-19 arfgerð), Var2 (GI-23 arfgerð) og Q1 (GI-16 arfgerð).

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir Gumboroveikiveiru stofna með mótefnavakabreytileika (afbrigðum E og GLS).

Sýnt hefur verið fram á víxlvernd fyrir reóveiru úr fuglum, arfgerðum 2, 3 og 5.

5. Frábendingar

Engar.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstök varnaðarorð:

Einungis skal bólusetja heilbrigð dýr.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Upplýsingar fyrir þann sem annast lyfjagjöfina:

Dýrallyfið inniheldur paraffínolíu. Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig eða aðra með því fyrir slysn getur það valdið miklum sársauka og bólgu, sérstaklega ef sprautað er í liði eða í fingur. Í mjög sjaldgæfum tilvikum er hugsanlega hættu á fingurmissi ef viðeigandi meðferð er ekki veitt tafarlaust. Ef dýrallyfinu hefur fyrir slysn verið sprautað í einhvern skal strax leita til læknis, jafnvel þótt um lítið magn sé að ræða og hafa skal fylgiseðilinn meðferðis. Ef sársaukinn er ekki horfinn 12 klukkustundum eftir lækningsskoðun, skal aftur hafa samband við lækni.

Upplýsingar til læknisins:

Dýrallyfið inniheldur paraffínolíu. Jafnvel þótt aðeins lítið magn hafi verið gefið með inndælingu, getur inndæling þess fyrir slysn valdið mjög miklum bólgu sem t.d. geta leitt til blóðþurrðardreps og jafnvel fingurmissis. TAFARLAUS þörf er á sérfræðingi í skurðlækningum vegna þess að nauðsynlegt getur verið að skera strax í stungustaðinn og skola hann, sérstaklega ef um er að ræða fingurgóm eða sin.

Varpfuglar:

Dýrallyfið má ekki gefa varpfuglum og ef minna en 3 vikur eru þar til varptímabil byrjar.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun þessa bóluefnis þegar það er notað samtímis einhverju öðru dýrallyfi. Ákvörðun um notkun þessa bóluefnis fyrir eða eftir notkun einhvers annars dýrallyfs skal því tekin í hverju tilviki fyrir sig.

Ofskömmtnun:

Engar aukaverkanir aðrar en þær sem nefndar eru í kaflanum „Aukaverkanir“ komu fram eftir gjöf tvöfalds skammts af bóluefninu.

Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun:

Sá sem ætlar að framleiða, flytja inn, hafa í sinni vörslu, selja, dreifa og/eða nota þetta dýrallyf skal fyrst leita til yfirvalda í viðkomandi aðildarríki til að fá upplýsingar um hvaða bólusetningarreglur gilda um dýr vegna þess að vera má að bólusetning sé óheimil í aðildarríkinu öllu eða á tilteknum svæðum, á grundvelli löggjafar ríkisins.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýrallyfi saman við nein önnur dýrallyf.

7. Aukaverkanir

Hænsn:

Sjaldgæfar (1 til 10 dýr / 1.000 dýrum sem fá meðferð):	Hnútur á stungustað ¹
--	----------------------------------

¹ Hverfur yfirleitt innan 3 vikna.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafyrivalda {lýsing á kerfinu}.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar í vöðva.

Gefið stakan 0,3 ml skammt í bringu eða læri frá 8 vikna aldri og upp úr en ekki seinna en 3 vikum fyrir upphaf varptímabils.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Bóluefnið er ætlað til notkunar sem örvunarbólusetning í kjölfar grunnbólusetningar með annaðhvort lifandi eða deyddum bóluefnum í bólusetningaráætluninni. Grunnbólusetningar á að gera með lifandi eða deyddum bóluefnum gegn fuglaberkjubólguveiru (t.d. Nobilis IB 4-91, Nobilis IB Ma5), Gumboroveikiveiru (t.d. Nobilis Gumboro D78, Innovax-ND-IBD) og reóveiru úr fuglum (t.d. Nobilis Reo 1133, Nobilis Multiriva REOm). Bóluefnið á að gefa a.m.k. 4 vikum eftir að grunnbólusetningin er gefin.

Leyfið bóluefninu að ná stofuhita fyrir notkun.

Hristið vel fyrir notkun.

Sprautur og nálar verða að vera sæfðar fyrir notkun.

Viðhafa skal hefðbundnar smitgátaraðferðir.

Þegar grunnbólusetningar voru gerðar gegn metapneumoveiru úr fuglum (t.d. Nobilis Rhino CV) og/eða Newcastle-veikiveiru (t.d. Nobilis ND C2, Nobilis ND Clone 30, Innovax-ND-IBD) skal gefa bóluefnið a.m.k. 4 vikum eftir að grunnbólusetningin er gefin.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið í kæli (2°C - 8°C).

Má ekki frjósa.
Verjið gegn sólarljósi.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymsluþol eftir að innri umbúðir hafa verið rofnar: 10 klst.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.
Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni eða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/24/317/001-002

Pakkningastærðir:

Pappaaskja með 1 glasi með 300 ml (1.000 skammtar) eða 600 ml (2.000 skammtar).

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

{MM/ÁÁÁÁ}

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Intervet International B.V., Wim de Körverstraat 35, 5831 AN Boxmeer, Holland

België/Belgique/Belgien

Tél/Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Lietuva

Tel: + 37052196111

Република България

Тел: + 359 28193749

Luxembourg/Luxemburg

Tél/Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Česká republika

Tel: +420 233 010 242

Magyarország

Tel.: + 36 1 439 4597

Danmark

Tlf: + 45 44 82 42 00

Deutschland

Tel: + 49 (0)8945614100

Eesti

Tel: + 37052196111

Ελλάδα

Τηλ: + 30 210 989 7452

España

Tel: + 34 923 19 03 45

France

Tél: + 33 (0)241228383

Hrvatska

Tel: + 385 1 6611339

Ireland

Tel: + 353 (0) 1 2970220

Ísland

Sími: + 354 535 7000

Italia

Tel: + 39 02 516861

Κύπρος

Τηλ: +30 210 989 7452

Latvija

Tel: + 37052196111

Malta

Tel: + 39 02 516861

Nederland

Tel: + 32 (0)2 370 94 01

Norge

Tlf: + 47 55 54 37 35

Österreich

Tel: + 43 (1) 256 87 87

Polska

Tel.: + 48 22 18 32 200

Portugal

Tel: + 351 214 465 700

România

Tel: + 40 21 311 83 11

Slovenija

Tel: + 385 1 6611339

Slovenská republika

Tel: +420 233 010 242

Suomi/Finland

Puh/Tel: + 358 10 2310 750

Sverige

Tel: + 46 (0)8 522 216 60

United Kingdom (Northern Ireland)

Tel: + 353 (0) 1 2970220